

EFTIRLITSSKÝRSLA

Stjörnugrís hf. Brautarholt, Kjalarnes



Dags eftirlits	17.12.2020	Ábyrgðarmaður eftirlits	Halla Einarsdóttir
Fyrirtæki	Stjörnugrís hf.	Eftirlitsmaður	Gottskálk Friðgeirsson
Heimili	Saltvík 1	Tegund eftirlits	Reglubundið seinna eftirlit
Kennitala	681174-0289	Flokkur	Pauleldi
Fulltrúi fyrirtækis	Geir G. Geirsson	ÍSAT nr.	01.46.0
Fulltrúi fyrirtækis	Sigurður Berndson	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í seinna reglubundna eftirlit ársins í svínabú Stjörnugrís að Brautarholti.

Í eftirlitinu komu fram tvö ný frávik frá sértækum starfsleyfisskilyrðum varðandi sjáanlegar útfellingar í fráveitu og leka frá hrægámi. Tveimur ábendingum var komið á framfæri er varðar fjölda lyktarkvartana sem hafa borist frá nágranna á árinu 2020 og beiðni um upplýsingar um fyrirkomulag fráveitu á búinu.

UMFANG EFTIRLITS

Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Fjöldi dýra sbr. grein 1.1 í starfsleyfisskilyrðum
- Eigið eftirlit og skráningar skv. 9. Gr 1. kafla í starfsleyfisskilyrðum
- Eftirlit og skráningar skv. grein 6.4 í 2. kafla í starfsleyfisskilyrðum
- Önnur mál

Samkvæmt upplýsingum sem sendar voru eftirlitsaðila í kjölfar eftirlitsins voru 3067 svín >30 kg og 1756 grísir <30 kg á búinu þegar eftirlitið fór fram. Skráningar og eftirlit er að hluta til samræmt fyrir svínabú Stjörnugrís að Melum og Brautarholti, s.s. skráningar á sjálfdaudum dýrum. Vel er haldið utan um skráningar á fjölda dýra, fjölda sjálfdaudra dýra, þrifum og tæmingu deilda þar sem að starfsmenn kvitta þegar þeir hafa lokið við sitt verk. Verklýsingar eru til staðar um hvernig þrifum skuli háttáð. Mánaðarlegar skráningar eru á stöðu í skítapró fyrir dælingu sem metin er út frá sjónrænu mati. Almennum úrgangi er skilað til Sorpu. Engar meiri háttar bilanir hafa komið upp í mengunarvarnarábúnaði frá síðasta eftirliti. Skráningar á magni þurrhluta sem var ráðstafað úr þurrefnageymslu á árinu 2020 voru sendar eftirlitsaðila í kjölfar eftirlits. Um 220 tonn af þurrefni var dreift á tún að Geldingaá í mars og um 520 tonnum var dreift á tún að Músarnesi í september og október. Samningar um dreifingu þurrhluta á tún að Geldingaá og Músarnesi eru til staðar. Rætt var um merkingar hrægáma og förgun í samræmi við reglugerð 674/2017 um heilbrigðisreglur er varðar aukaaurðir dýra og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis.

Í skoðunarferðinni var gengið um lóð svínabússins, Almennt var nokkuð snyrtilegt um að lífast en sjáanleg froða og óhreinindi voru við útrás sem liggur frá rotþró. Skoðaðar voru aðstæður við hrægám og við hreinsistöð og geymslu fyrir þurrefnahluta. Enn eru nokkrar gamlar heyrúllur á lóðinni við þurrefnageymslu og huga þarf að hrægámar séu nægilega lekaheldir.

Frávik frá

Lýsing á frávik

Grein 4.1 í 1.kafla sértækra starfsleyfisskilyrða og fylgiskjali 1 við reglugerð 798/1999 um fráveitur og skólþ

Sjáanlegar útfellingar voru í skurði við útrás fráveitu frá rotþró þegar eftirlitið fór fram. Samkvæmt fylgiskjali 1 í reglugerð 798/1999 má hvergi vera set eða útfellingar við útrásir þar sem fráveituvatn er leitt í viðtaka.

grein 8.2 í 1. kafla sértækra starfsleyfisskilyrða

Leki var sjáanlegur frá hrægámi en skv. ákvæðum starfsleyfisskilyrðanna að ganga skuli frá dýrahæjum til förgunar í þétta, lokaða gáma.

ÁBENDINGAR

Umhverfisstofnun hefur á árinu 2020 alls 21 sinnum borist skrifleg ábendingar frá nágretta búsins um viðvarandi ólykt í nágrenninu sem komi frá svínabúinu og nærliggjandi eggjabúi.

Í eftirlitsferðinni óskaði eftirlitsaðili eftir að fá lagnateikningu fyrir fráveitu frá búinu. Lagnateikning eða upplýsingar um fyrirkomulag fráveitu hefur ekki borist stofnuninni.

ANNAD

Rekstraraðili hefur sent inn greinargerð varðandi hvernig rekstraraðili uppfyllir kröfur um BAT niðurstöður og hvaða valkosti hann hyggst nota í þeim efnum. Greinargerðin er til skoðunar hjá stofnuninni.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 18.03.2021


Halla Einarsdóttir

